

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Hálfáni Bjarka Hálfánssyni
Dags. 9. október 2018
Mnr. 2018100029



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Reglur um sölu á lausafé.docx

Undirrituðum var falið að útbúa minnisblað með drögum að reglum Ísafjarðarbæjar um sölu á lausafé.

Í leiðbeiningum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis um fjármál sveitarfélaga segir að eingöngu sveitarstjórn geti tekið ákvörðun um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins, þ.m.t. sölu á eignum.

Það er að sjálfsögðu háð mati hvað varðar fjármálin „verulega“, en í þeim tilfellum þar sem um er að ræða sölu á stökum, notuðum bílum eða öðrum tækjum og kaupverð hleypur á hundruðum þúsunda frekar en milljónum eða tugum milljóna, þá finnst mér réttast að miða okkar ferla við reglugerð um ráðstöfun eigna ríkisins nr. 651/1994.

Eftir umræður á sviðsstjórafundi þá legg ég fram neðangreind drög til umræðu í bæjarráði. Litið var til fyrrgreindar reglugerðar við gerð þeirra.

Reglur um sölu á lausafé Ísafjarðarbæjar og stofnana - DRÖG

Sala sem vænta má að verði yfir 1.000.000 kr. skal samþykkt af bæjarstjórn.

Ef áætlað söluverðmæti er undir 50.000 krónum að vel ígrunduðu mati forstöðumanns, er honum frjálst að selja lausafé beinni sölu án þess að leita tilboða.

Ef áætlað söluverðmæti er milli 50.000 og 1.000.000 kr. skal ferill sölunnar vera með eftirfarandi hætti:

1. Forstöðumaður ákvarðar lágmarksverð í samráði við fjármálastjóra Ísafjarðarbæjar
2. Salan skal auglýst á undirvef www.isafjordur.is og kynnt eins og annað sem frá sveitarfélaginu kemur. Þar er ákvarðað lágmarksverð ekki gefið upp
3. Frestur til að skila inn tilboðum skal vera 2 vikur
4. Hæsta boði skal tekið að því gefnu að það sé yfir lágmarksverði
5. Ef hæsta boð er ekki yfir lágmarksverði skal auglýst einu sinni aftur
6. Ef ekkert boð fæst yfir lágmarksverði er forstöðumanni sem hefur umráð yfir lausafénu heimilt að selja eða ráðstafa með öðrum hætti (t.d. finna not hjá öðrum deildum Ísafjarðarbæjar), eða ákvarða nýtt lágmarksverð í samráði við fjármálastjóra ef hið fyrra hefur reynst óraunhæft. Þetta þýðir ekki að honum sé heimilt að selja út úr samstæðunni undir lágmarksverði

Virðingarfyllst,

Hálfán Bjarki Hálfánsson, upplýsingafulltrúi-